



C2240, C2325, C2425, C2535, CS421, CS521, CS622 prentarar

Notendahandbók

Júlí 2024

www.lexmark.com

Tegund(ir) vélar:

5029

Gerðir:

038, 230, 238, 430, 438, 636, 696

Innihald

Öryggisupplýsingar.....	6
Tilkynningar.....	6
Yfirlýsingar um vöruna.....	6
Fræðst um prentarann.....	9
Finna upplýsingar um prentarann.....	9
Velja staðsetningu fyrir prentara.....	10
Uppsetningar prentara.....	11
Tenging á köplum.....	12
Nota stjórnborð prentara.....	14
Lexmark C2325 prentari.....	14
Lexmark CS421, CS521, C2425 og C2535 prentarar.....	15
Lexmark CS622 og C2240.....	16
Skilja stöðuna á straumtakkanum og gaumljósi.....	16
Setja upp og nota forrit á heimaskjánum.....	17
Nota heimaskjáinn.....	17
Sérsmíða heimaskjáinn.....	18
Nota sérsmíð á skjá.....	18
Stilla sparnaðarstillingar.....	19
Búa til prófil fyrir Cloud Connector.....	19
Setja upp kvóta tækis.....	19
Nota skapara QR kóða.....	20
Nota stuðning viðskiptavina.....	20
Stjórna bókmerkjum.....	20
Stjórna tengiliðum.....	21
Setja upp og nota eiginleika aðgengis.....	24
Virkja raddstýringu.....	24
Fara um skjáinn með því að nota bendingar.....	24
Virkja stillingu stækkunar.....	25
Stilla hraða á raddstýringu.....	25
Nota hnappaborðið á skjánum.....	25
Virkja töluð aðgangsorð eða persónuauðkennanleg númer (PIN).....	25

Setja í pappír og sérstaka miðla.....	26
Stilling á stærð og gerð pappírs.....	26
Stilla alhliða pappírsstillingar.....	26
Hleðsla á skúffum.....	26
Hlaða í fjölnotamatara.....	28
Hlaða í handvirkan matara.....	30
Tengja skúffur.....	30
Pappírsstuðningur.....	32
Studdar pappírsstærðir.....	32
Studdar pappírsgerðir.....	34
Studdar pappírspyngdir.....	35
Óásættanlegur pappír.....	36
Notkun á endurunnum pappír.....	37
Prentun.....	38
Prentun frá tölvu.....	38
Prentun frá fartæki.....	38
Prentun af minniskorti.....	40
Studd minniskort og skráargerðir.....	41
Setja upp trúnaðarverk.....	41
Prentun á trúnaðarmálum og öðrum vernduðum verkum.....	42
Prentun frá Cloud Connector prófil.....	43
Prenta lista yfir sýnishorn leturgerða.....	43
Prenta lista skráasafns.....	43
Skilja valmyndir prentarans.....	44
Yfirlit valmynda.....	44
Tæki.....	45
Prenta.....	56
Pappír.....	65
USB-drif.....	67
Netkerfi/tengi.....	69
Öryggi.....	81
Skýrslur.....	88
Hjálp.....	88

Bilanaleit.....	89
Prentar stillingarsíðu valmyndar.....	89
Gera prentarann öruggan.....	90
Finna öryggistengi.....	90
Eyða minni prentara.....	90
Eyða minni á hörðum diskum prentara.....	90
Dulkóðun á hörðum diskum prentara.....	91
Endurheimta sjálfgefna verksmiðjustillingar.....	91
Yfirlýsing varðandi óstöðugleika.....	91
Viðhald á prentaranum.....	93
Nettenging.....	93
Prentarinn hreinsaður.....	95
Pöntun á hlutum og rekstrarvörum.....	96
Skipta um hluti og rekstrarvörur.....	100
Færa prentarann.....	112
Spara orku og pappír.....	113
Endurvinnsla.....	114
Losa um flækjur.....	115
Komast hjá stíflum.....	115
Finna staðsetningar flækju.....	116
Pappírsstífla í skúffum.....	117
Pappírflækja í hurð A.....	117
Pappírsstífla í staðalskúffu.....	120
Pappírsstífla í fjölnotamatara.....	121
Pappírsstífla í handvirkum matara.....	122
Bilanaleit.....	123
Stilla SMTP þjóninn.....	123
Vandamál við nettengingu.....	124
Vandamál varðandi valkosti vélbúnaðar.....	126
Vandamál varðandi rekstarvörur.....	127
Vandamál við mótun pappírs.....	129
Vandamál við prentun.....	132
Vandamál varðandi prentgæði lita.....	156

Hafa samband við stuðning viðskiptavina.....	159
Uppfærsla og flutningur.....	160
Vélbúnaður.....	160
Hugbúnaður.....	166
Fastbúnaður.....	167
Tilkynningar.....	169
Yfirlit.....	178

Öryggisupplýsingar






Tilkynningar

Athugasemd: *Athugasemd* gefur til kynna upplýsingar sem geta aðstoðað þig.








Viðvörðun: *Viðvörðun* gefur eitthvað til kynna sem gæti skemmt vélbúnað eða hugbúnað vörunnar.






VARÚÐ: *Varúð* gefur til kynna mögulega hættu sem gæti skaðað þig.


Mismunandi gerðir af varúðaryfirlýsingum innifela:


-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Gefur til kynna hættu á að meiðast.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Gefur til kynna hættu á raflosti.
-  **VARÚÐ—HEITT YFIRBORD:** Gefur til kynna hættu á að brennast við snertingu.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA:** Gefur til kynna hættu á að klemmast.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ KLEMMAST:** Gefur til kynna hættu á að festast á milli hreyfanlegra hluta.

Yfirlýsingar um vöruna

-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti tengið rafmagnssnúruna við innstungu með viðeigandi getu og rétta jarðtengingu sem er nálægt vörunni og auðveldlega aðgengileg.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti notið aðeins rafmagnssnúruna sem fylgdi með þessari vöru eða viðurkenndri skiptivöru frá framleiðanda.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Ekki nota þessa vöru með framlengingarsnúrum, fjöltengjum eða varaspennugjafa (UPS). Straumgeta á þessum tegundum aukahluta getur hæglega verið yfirhlaðin af leysiprentara og getur leitt til hættu á eldsvoða, eignatjóni, eða lélegri frammistöðu prentara.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Aðeins má nota Lexmark yfirspennuvara í lögn sem er rétt tengdur á milli prentara og rafmagnsleiðslu sem fylgir með prentaranum með þessari vöru. Notkun á yfirspennuvörn frá öðrum en Lexmark getur leitt til eldhættu, eignatjóns eða lélegri frammistöðu prentarans.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti, ekki setja þessa vöru upp eða nota nálægt vatni eða blautum stöðum.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti skal ekki setja upp þessa vöru eða tengja einhverjar rafmagns- og kaplatengingar, svo sem rafmagnsleiðslu, faxeiginleika eða síma, á meðan á eldingarveður gengur yfir.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Ekki skera, snúa, binda, klemma eða setja þunga hluti á rafmagnsleiðsluna. Ekki láta rafmagnsleiðsluna verða fyrir núningi eða álagi. Ekki klemma rafmagnssnúruna á milli hluta svo sem húsgagna og veggis. Ef eitthvað af þessu gerist, er hættu á bruna eða raflosti. Skoðið rafmagnssnúruna reglulega varðandi slík einkenni. Taktu rafmagnssnúruna úr sambandi við rafstraum áður en hún er skoðuð.

-  **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættuna á raflosti, skal ganga úr skugga um að allar ytri tengingar (t.d. ethernet og símatengingar) eru rétt tengdar í merktum tengjum þeirra.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættuna á raflosti, ef þú ert að fá aðgang að stjórnborði eða setja upp viðbótarvélbúnað eða minnisbúnað eftir að prentarinn var settur upp, þá skal slökkva á prentaranum og taka rafmagnssnúruna úr sambandi við rafmagn áður en haldið er áfram. Ef þú hefur einhverjar önnur tæki áföst prentaranum, þá skal einnig slökkva á þeim og taka snúrur sem fara í prentarann úr sambandi.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI:** Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti þegar verið er að þrifa prentarann að utan, takið rafmagnssnúruna úr sambandi úr innstungunni og aftengið allar snúrur frá prentaranum áður en haldið er áfram.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Ef þyngd prentarans er meiri en 20 kg (44 lb), þá kann það að þarfnast tveggja eða fleiri manna til að lyfta honum á öruggan hátt.
-  **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Fylgdu þessum leiðbeiningum þegar verið er að flytja prentarann til að koma í veg fyrir slys eða skemmdir á prentaranum:
- Gangið úr skugga um að allar hurðir og skúffur séu lokaðar.
 - Slökktu á prentaranum og taktu síðan rafmagnssnúruna úr sambandi við rafmagn.
 - Aftengdu allar snúrur og kapla frá prentaranum.
 - Ef prentarinn er með aðskildar viðbótarskúffur standandi á gólfi eða áfesta úttaksvalkosti, þá á að aftengja þá áður en prentarinn er fluttur.
 - Ef prentarinn er á hjólavagni, rúllið þá honum varlega á nýja staðinn. Sýnið aðgát þegar farið er yfir þröskulda og mishæðir í gólfi.
 - Ef prentarinn er ekki á hjólavagni en er uppsettur með viðbótarskúffum eða úttaksvalkostum, fjarlægðu úttaksvalkostina og lyftu honum af skúffunum. Reynið ekki að lyfta prentaranum og neinum valkostum samtímis.
 - Notið ávallt handföngin á prentaranum til að lyfta honum.
 - Sérhver vagn sem er notaður til að færa prentarann verður að vera fær um að styðja undir allan prentarann.
 - Sérhver vagn sem notaður er til að færa vélbúnaðarvalkosti verður að vera með yfirborð sem er fært um að bera búnaðinn.
 - Haldið prentaranum í uppréttri stöðu.
 - Varist allar harkalegar hreyfingar.
 - Gangið úr skugga um að fingurnir séu ekki undir prentarann þegar hann er settur niður.
 - Gangið úr skugga um að það sé fullnægjandi pláss í kringum prentarann.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA:** Uppsetning á einum eða fleiri valkostum á þínum prentara eða fjölnotatæki (MFP) getur krafist undirstöðu á hjólum, húsgagni eða öðrum eiginleika til að koma í veg óstöðugleika sem getur valdið hugsanlegum meiðslum. Fyrir frekari upplýsingar um studdar uppsetningar, sjá www.lexmark.com/multifunctionprinters.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA:** Til að draga úr hættu á óstöðugleika búnaðar, hlaðið hvern bakka fyrir sig. Haldið öllum öðrum bökkum lokuðum þar til þörf er á.
-  **VARÚÐ—HEITT YFIRBORÐ:** Prentarinn kann að vera heitur að innanverðu. Til að draga úr hættu á meiðslum frá heitum hlut, leyfið yfirborðinu að kólna áður en það er snert.
-  **VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ KLEMMAST:** Til að koma í veg fyrir hættu á meiðslum vegna þess að klemmast, sýnið aðgát á svæðum sem merkt eru með þessu merki. Meiðsl vegna þess að klemmast geta átt sér stað í kring um hreyfanlega hluti, svo sem tannhjól, hurðir, bakka og hlífar.

 **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Þessi vara notar leysigeisla (laser). Notkun stjórnækja, stillinga eða annarra aðferða en þeirra sem tilgreindar eru í *notendahandbókinni* geta valdið hættulegum geislunarváhrifum.

 **VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA:** Ekki er ætlast til þess að litíum rafhlöðunni í þessari vöru sé skipt út. Það er hættu á sprengingu ef litíum rafhlöðunni er rangt skipt út. Ekki endurhlaða, taka í sundur eða brenna litíum rafhlöðu. Fargið notuðum litíum rafhlöðum í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og staðbundnar reglugerðir.

Þessi vara er hönnuð, prófuð og samþykkt til að uppfylla stranga alþjóðlega staðla um öryggi við notkun skilgreindum efnispáttum framleiðanda. Öryggiseiginleikar sumra hluta eru ekki alltaf augljósir. Framleiðandinn er ekki ábyrgur gagnvart notkun á öðrum varahlutum.

Vísu þjónustu eða viðgerðum, öðru en sem er lýst í notendahandbók, til þjónustuaðila.


Þessi vara notar prentunarferli sem hitar prentmiðilinn og hitinn getur valdið því að miðillinn sendi frá sér útgeislun efna. Þú verður að skilja kafla í notkunarleiðbeiningum þínum sem fjallar um viðmiðunarreglur um val á prentmiðlum til að forðast skaðleg losun.


Þessi vara getur búið til lítið magn ósons við venjulega notkun, og má útbúa hana með síu sem ætlað er að takmarka styrk ósons við stig vel undir meðmæltum mengunarmörkum. Til að forðast hærra styrk ósons við mikla notkun, setjið þessa vöru upp á vel loftræstum stað og skiptið um óson- og útblásturssíur ef fyrirmæli um það eru í viðhaldsleiðbeiningum vöru. Ef það eru engar tilvísanir í síur í viðhaldsleiðbeiningum vöru, þá eru engar síur sem þarf að skipta um fyrir þessa vöru.

GEYMIÐ ÞESSAR LEIÐBEININGAR.

Fræðst um prentarann

Finna upplýsingar um prentarann

Að hverju ertu að leita?	Finndu það hér
<p>Leiðbeiningar varðandi fyrstu uppsetningu:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Tengja prentarann • Setja upp hugbúnað prentara 	<p>Sjá uppsetningarskjölin sem fylgdu með prentaranum eða farðu á http://support.lexmark.com.</p>
<p>Viðbótarupplýsingar varðandi uppsetningu og notkun á prentaranum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Velja og geyma pappír og sérstaka miðla • Hlaða pappír • Breyta stillingum prentarans • Skoða og prenta skjöl og myndir • Setja upp og nota hugbúnað prentarans • Setja prentarann upp á netkerfi • Umhirða og viðhald á prentaranum • Villuleit og lausn vandamála 	<p><i>Upplýsingamiðstöð</i>—Farðu á http://infoserve.lexmark.com.</p> <p><i>Síður hjálparvalmyndar</i>—Farðu í leiðbeiningarnar í fastbúnaði prentarans eða farðu á http://support.lexmark.com.</p> <p><i>Leiðbeiningar á snertiskjá</i>—Farðu á http://support.lexmark.com.</p> <p>Vídeó um vöruna—Farðu á http://infoserve.lexmark.com/idv/.</p>
<p>Upplýsingar varðandi uppsetningu og stillingu á aðgangseiginleikum á þínum prentara.</p>	<p><i>Leiðbeiningar um aðgengi Lexmark</i>—Farðu á http://support.lexmark.com.</p>
<p>Hjálp varðandi notkun á hugbúnaði prentarans</p>	<p>Hjálp fyrir Microsoft® Windows® eða Macintosh stýrikerfi—Opnaðu hugbúnað prentara eða forrit og smelltu síðan á Hjálp.</p> <p>Smelltu á  til að sjá samhengisnæmar upplýsingar.</p> <p>Athugasemdir:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hjálp er uppsett sjálfvirkt með hugbúnaði prentarans. • Prentarahugbúnaðurinn er staðsettur í kerfismöppu prentara eða á skjáb-orðinu, en það fer eftir stýrikerfinu.

Að hverju ertu að leita?	Finndu það hér
<p>Nýjustu viðbótarupplýsingar, uppfærslur og þjónusta við viðskiptavinum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skjöl • Niðurhal á reklamum • Stuðningur í beinu spjalli • Stuðningur í tölvupósti • Stuðningur í síma 	<p>Farðu á http://support.lexmark.com.</p> <p>Athugasemd: Veldu landið þitt eða svæði, og veldu síðan vöruna til að skoða viðeigandi vefsvæði stuðnings.</p> <p>Upplýsingar varðandi stuðningstengiliði fyrir land þitt eða svæði er hægt að finna á vefsíðunni eða í prentaðri ábyrgð sem fylgdi með prentaranum þínum.</p> <p>Hafðu eftirfarandi upplýsingar tilbúnar þegar þú hefur samband við þjónustudeild:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Staður og dagsetning kaupa • Gerð vélar og raðnúmer 
<ul style="list-style-type: none"> • Öryggisupplýsingar • Upplýsingar um reglugerðir • Upplýsingar um ábyrgð • Umhverfisupplýsingar 	<p>Ábyrgðarupplýsingar mismunandi eftir löndum eða svæðum:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Í Bandaríkjunum—Sjá yfirlýsingu varðandi takmörkun ábyrgðar sem fylgdi með prentaranum, eða farðu á http://support.lexmark.com. • Í öðrum löndum eða svæðum—Sjá prentaða ábyrgð sem fylgdi með prentaranum. <p><i>Upplýsingahandbók vöru</i>—Skoðaðu skjölin sem fylgdu með prentaranum eða farðu á http://support.lexmark.com.</p>

Velja staðsetningu fyrir prentara

- Skilja eftir nægt pláss til að opna skúffur, hlífar og hurðir og til að setja upp valkosti vélbúnaðar.
- Settu prentarann upp nálægt rafmagnstengli.

VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA: Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti tengið rafmagnssnúruna við innstungu með viðeigandi getu og rétta jarðtengingu sem er nálægt vörunni og auðveldlega aðgengileg.

VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI: Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti, ekki setja þessa vöru upp eða nota nálægt vatni eða blautum stöðum.


- Gangið úr skugga um að loftflæði í herberginu uppfylli ASHRAE 62 staðal eða staðal CEN Technical Committee 156.
- Tryggið flatt, sterkt og stöðugt yfirborð.

- Haldið prentaranum:
 - Hreinum, þurrum og lausum við ryk.
 - Fjarri lausum heftum og pappírsklemmum.
 - Fjarri beinu loftflæði frá loftræstitækjum, hiturum eða blásurum.
 - Fjarri beinu sólarljósi eða miklum raka.

- Farið eftir sviði hitastigs.

Vinnuhitastig	10 til 32,2°C (50 til 90°F)
---------------	-----------------------------

- Haldið meðmæltu plássi umhverfis prentarann fyrir rétta loftræstingu:



1	Ofan	254 mm (10 to.)
2	Aftan	102 mm (4 to.)
3	Hægri hlið	76 mm (3 to.)
4	Framan	508 mm (20 to.) Athugasemd: Lágmarkspláss sem þörf er á fyrir framan prentarann er 75 mm (3 to.).
5	Vinstri hlið	76 mm (3 to.)

Uppsetningar prentara

VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA: Uppsetning á einum eða fleiri valkostum á þínum prentara eða fjölnotatæki (MFP) getur krafist undirstöðu á hjólum, húsgagni eða öðrum eiginleika til að koma í veg fyrir óstöðugleika sem getur valdið hugsanlegum meiðslum. Fyrir frekari upplýsingar um studdar uppsetningar, sjá www.lexmark.com/multifunctionprinters.

VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA: Hlaðið í hverja skúffu fyrir sig inn til að koma í veg fyrir óstöðugleika tækisins. Haldið öllum öðrum skúffum lokuðum þar til þörf er á.

Þú gætir bætt við 650-blaða tvöfalda skúffu, sem er aukabúnaður, eða bæði 650-blaða tvöfalda skúffu og 550 blaða skúffu, það fer eftir þinni gerð prentara. Varðandi frekari upplýsingar, sjá [“Setja upp skúffur sem eru aukabúnaður” á síðu 165](#).



1	Stjórnborð Athugasemd: Útlitið getur verið breytilegt eftir þinni gerð prentara.
2	Staðalbakki
3	Staðalskúffa fyrir 250 blöð
4	Handvirkur matari
5	650-blaða tvöföld skúffa sem er aukabúnaður Athugasemd: Aðeins tiltækt í ákveðnum gerðum prentara.
6	Skúffa fyrir 550 blöð sem er aukabúnaður Athugasemd: Aðeins tiltækt í ákveðnum gerðum prentara.

Tenging á köplum

⚠ VARÚÐ—HÆTTA Á RAFLOSTI: Til að koma í veg fyrir hættu á raflosti skal ekki setja upp þessa vöru eða tengja einhverjar rafmagns- og kaplatengingar, svo sem rafmagnsleiðslu, faxeiginleika eða síma, á meðan á eldingarveður gengur yfir.

⚠ VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA: Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti tengið rafmagnssnúruna við innstungu með viðeigandi getu og rétta jarðtengingu sem er nálægt vörunni og auðveldlega aðgengileg.

⚠ VARÚÐ—HUGSANLEG HÆTTA: Til að koma í veg fyrir hættu á eldsvoða eða raflosti notið aðeins rafmagnssnúruna sem fylgdi með þessari vöru eða viðurkennda skiptivöru frá framleiðanda.


Viðvörðun—hugsanleg hættu: Til að forðast gagnatap eða truflun prentara, ekki snerta USB snúruna, millistykki fyrir þráðlaust net, eða prentarann á þeim svæðum sem eru sýnd þegar prentun er virk.



	Notið	Til
1	Ethernet-tengi	Tengja prentarann við netkerfi.
2	Tengi fyrir straumsnúru	Tengja prentarann við rafmagnsinnstungu.
3	USB-tengi	Tengja lyklaborð eða einhvern samhæfan valkost. Athugasemd: Þetta tengi er aðeins tiltækt í ákveðnum gerðum prentara.
4	USB-prentaratengi	Tengja prentarann við tölvu.


Nota stjórnborð prentara

Lexmark C2325 prentari




	Notið	Til
1	Skjár	<ul style="list-style-type: none"> Skoða skilaboð prentara og stöðu á rekstrarvörum. Setja upp og nota prentarann.
2	Valmyndarhnappur	Aðgengi að valmyndum prentarans.
3	Straumhnappur	<ul style="list-style-type: none"> Kveikja á eða slökkva á prentaranum <p>Athugasemd: Til að slökkva á prentaranum, ýtið á og haldið straumhnappi í fimm sekúndur.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stilla prentarann til að fara í svefnstillingu eða stillingu í dvala. Vekja prentarann úr svefnstillingu eða stillingu í dvala.
4	Stopp-hnappur eða hnappur til að hætta við	Stöðvar verk prentara sem er í gangi.
5	Gaumljós	Athuga stöðu prentarans
6	Hnappur til baka	Fara til baka í fyrri skjámynd.
7	Hnappur hægri ör	<ul style="list-style-type: none"> Skruna um valmyndir eða fara á milli skjámynda og valkosta valmynda. Auka númeragildi í stillingu.
8	Valhnappur	<ul style="list-style-type: none"> Velja valkost í valmynd. Vista breytingar í stillingu.
9	Hnappur vinstri ör	<ul style="list-style-type: none"> Skruna um valmyndir eða fara á milli skjámynda og valkosta valmynda. Minnka númeragildi í stillingu.

Lexmark CS421, CS521, C2425 og C2535 prentarar



	Notið	Til
1	Skjár	<ul style="list-style-type: none"> Skoða skilaboð prentara og stöðu á rekstrarvörum. Setja upp og nota prentarann.
2	Valhnappur	<ul style="list-style-type: none"> Velja valkost í valmynd. Vista breytingar í stillingu.
3	Örvarhnappar	<ul style="list-style-type: none"> Skruna um valmyndir eða fara á milli skjámynda og valkosta valmynda. Aðlaga númeragildi í stillingu.
4	Talaborð	Skrá tölur eða tákn í inntakssvæði.
5	Straumhnappur	<ul style="list-style-type: none"> Kveikja á eða slökkva á prentaranum <p>Athugasemd: Til að slökkva á prentaranum, ýtið á og haldið straumhnappi í fimm sekúndur.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stilla prentarann til að fara í svefnstillingu eða stillingu í dvala. Vekja prentarann úr svefnstillingu eða stillingu í dvala.
6	Hnappur til baka	Færa bendilinn til baka og eyða staffákni á inntakssvæði.
7	Stopp-hnappur eða hnappur til að hætta við	Stöðvar verk prentara sem er í gangi.
8	Gaumljós	Athuga stöðu prentarans
9	Hnappur til baka	Fara til baka í fyrri skjámynd.
10	Heimahnappur	Fara á heimaskjáinn.

Lexmark CS622 og C2240



	Notið	Til
1	Skjár	<ul style="list-style-type: none"> Skoða skilaboð prentara og stöðu á rekstrarvörum. Setja upp og nota prentarann.
2	Heimahnappur	Fara á heimaskjáinn.
3	Talnaborð	Skrá tölur eða tákn í inntakssvæði.
4	Straumhnappur	<ul style="list-style-type: none"> Kveikja á eða slökkva á prentaranum <p>Athugasemd: Til að slökkva á prentaranum, ýtið á og haldið straumhnappi í fimm sekúndur.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stilla prentarann til að fara í svefnstillingu eða stillingu í dvala. Vekja prentarann úr svefnstillingu eða stillingu í dvala.
5	Stopp-hnappur eða hnappur til að hætta við	Stöðvar verk prentara sem er í gangi.
6	Gaumljós	Athuga stöðu prentarans
7	Hnappur til baka	<p>Fara til baka í fyrri skjámynd.</p> <ul style="list-style-type: none"> Velja valkost í valmynd. Vista breytingar í stillingu.

Skilja stöðuna á straumtakkanum og gaumljósi

Gaumljós	Staða prentara
Slökkt	Slökkt er á prentaranum eða hann er í stillingu dvala.
Blár	Prentarinn er tilbúinn eða er að vinna úr gögnum.
Rauður	Prentarinn þarfnast íhlutunar notandans.


Ljós straumtakka	Staða prentara
Slökkt	Slökkt er á prentaranum eða hann er að vinna úr gögnum.
Stöðugt gult ljós	Prentarinn er í svefnstillingu.
Blikkandi gult	Prentarinn er í stillingu dvala.

Setja upp og nota forrit á heimaskjánum

Athugasemd: Þessi forrit eru aðeins studd í sumum gerðum prentara.

Nota heimaskjáinn

Athugasemd: Heimaskjárinn þinn getur verið mismunandi eftir á sérstillingum á heimaskjánum, stjórnendauppsetningu og virkum innfelldum lausnum.



Snerta	Til
1	<p>Staða/birgðir</p> <ul style="list-style-type: none"> Sýna viðvörðun prentara eða villuskilaboð þegar prentari þarf íhlutun til að halda áfram vinnslu. Skoða frekari upplýsingar um viðvörðun prentara eða skilaboð, og um hvernig á að hreinsa þau. <p>Athugasemd: Þú getur líka farið í þessa stillingu með því að snerta efsta hlutann á heimaskjánum.</p>
2	<p>Verk í biðröð</p> <p>Sýna öll núverandi prentverk.</p> <p>Athugasemd: Þú getur líka farið í þessa stillingu með því að snerta efsta hlutann á heimaskjánum.</p>
3	<p>Breyta um tungumál</p> <p>Breyta tungumálinu á skjánum.</p>
4	<p>Stillingar</p> <p>Aðgengi að valmyndum prentarans.</p>
5	<p>Sparnaðarstillingar</p> <p>Stjórna stillingum á orkunotkun, hávaða, notkun á prentlit og pappír.</p>
6	<p>Verk í bið</p> <p>Sýna prentverk sem eru geymd í bið í minni prentarans.</p>
7	<p>USB-drif</p> <p>Prenta myndir og skjöl af minniskorti.</p>
8	<p>Heimilisfangabók</p> <p>Stjórna lista yfir tengiliði sem önnur forrit á prentaranum geta komist í.</p>

Sérsníða heimaskjáinn

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Stillingar > Tæki > Sýnileg tákn á heimaskjá**.

3 Veldu táknin sem eiga að birtast á heimaskjánum.

4 Beittu breytingunum.

Nota sérsnið á skjá

Vertu viss um að gera eftirfarandi áður en forritið er notað:

- Í innbyggða vefþjóninum, smella á **Forrit > Sérsníða skjá > Setja upp**.
- Virkja og setja upp stillingar fyrir skjáhvílu, myndasýningu og veggfóður.

Stjórna myndum fyrir skjáhvílu og myndasýningu

1 Í hluta fyrir myndir skjáhvílu og myndasýningar, bættu við, breyttu eða eyddu mynd.

Athugasemdir:

- Þú getur bætt við allt að 10 myndum.
- Þegar virkt þá birtast stöðutákn aðeins á skjáhvílu þegar villur, viðvaranir eða tilkynningar frá skýi eru til staðar.

2 Beittu breytingunum.

Breyta um mynd veggfóðurs

1 Á heimaskjá prentarans, veldu **Breyta um veggfóður**.

2 Veldu mynd til að nota.

3 Beittu breytingunum.

Keyra myndasýningu frá minniskorti

1 Settu minniskort í USB-tengið.

2 Frá heimaskjá, snertu **Myndasýning**.

Myndirnar birtast í stafrófsröð.


Athugasemd: Þú getur fjarlægt minniskortið eftir að myndasýningin byrjar en myndirnar eru ekki vistaðar í prentaranum. Ef myndasýningin stöðvast, settu minniskortið inn aftur til að skoða myndirnar.

Stilla sparnaðarstillingar

- 1 Á heimaskjá prentarans, veldu **Sparnaðarstillingar**.
- 2 Stilla sparnaðarstillingu eða tímastilla straumstillingar.
- 3 Beittu breytingunum.

Búa til prófíl fyrir Cloud Connector

Við mælum með að innskrá á prentarann áður en þú býrð til prófíl. Til að virkja aðferð innskráningar, sjá *Innbyggður vefþjónn - leiðbeiningar öryggisstjórnunar*.

- 1 Á heimaskjá prentarans, veldu **Cloud connector**.
- 2 Veldu skýjaþjónustu.
- 3 Snertu **Búa til prófíl** eða .
- 4 Skráðu einstakt heiti á prófíl.
- 5 Skráðu PIN-númer ef þörf er á.
Athugasemd: Þegar verið er að nota prentarann sem gestur, verndaðu prófílinn með PIN-númeri.
- 6 Snertu **Búa til**, og skráðu hjá þér heimildarkóðann.
Athugasemd: Heimildarkóðinn er aðeins gildur í 24 klst.
- 7 Opnaðu vafra og farðu síðan á <https://lexmark.cloud-connect.co>.
- 8 Smelltu á **Næst**, og samþykktu síðan notkunarskilmálana.
- 9 Skráðu viðeigandi upplýsingar og smelltu síðan á **Tengja**.
- 10 Skráðu inn á reikning þinnar netþjónustu.
- 11 Veita heimildir.
Athugasemd: Opnaðu prófílinn innan 72 klst til að ljúka sannvottunarferlið.

Setja upp kvóta tækis

Þú gætir þarfnast stjórnendaréttinda til að fara í forritið.

- 1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.
Athugasemdir:
 - Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
 - Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.
- 2 Smelltu á **Forrit > Kvótar tækis > Setja upp**.
- 3 Í kafla notendareikningar, bættu við eða breyttu notanda, og stilltu síðan notandakvóta.
- 4 Beittu breytingunum.

Athugasemd: Nánari upplýsingar um hvernig á að stilla forritið og öryggisstillingar þess er að finna í *Leiðbeiningum stjórnanda kvóta*.

Nota skapara QR kóða

Þú gætir þarfnast stjórnendaréttinda til að fara í forritið.

- 1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

- 2 Smelltu á **Forrit > Skapari QR kóða > Setja upp**.

- 3 Gerðu annað hvort af eftirfarandi:

- Veldu sjálfvalið gildi QR kóða.
- Skráðu gildi QR kóða.

- 4 Beittu breytingunum.

Nota stuðning viðskiptavina

- 1 Á heimaskjá prentarans, snertu **Stuðningur viðskiptavina**.

- 2 Prenta eða senda upplýsingar í tölvupósti.

Athugasemd: Varðandi upplýsingar um uppsetningu á stillingum forritsins, sjá *Handbók stjórnanda stuðnings viðskiptavina*.

Stjórna bókmerkjum

Búa til bókmerki

Nota bókmerki til að prenta skjöl sem oft eru notuð og sem eru geymd á netþjónum eða á vefnum.

- 1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

- 2 Smelltu á **Uppsetning bókmerkja > Bæta við bókmerki**, og skráðu síðan einstakt heiti fyrir bókmerkið.

3 Veldu samskiptareglur vistfangs og gerðu síðan eitt af eftirfarandi:

- Fyrir HTTP og HTTPS, skráðu vefsíðuslóðina sem þú vilt bókmerkja.
- Fyrir HTTPS, vertu viss um að nota heiti hýsils í stað IP-tölu. Til dæmis, skráðu **myWebsite.com/sample.pdf** í stað þess að skrá **123.123.123.123/sample.pdf**. Vertu einnig viss um að heiti hýsils samsvari einnig gildi almenns heitis (CN) í vottorði netþjóns. Nánari upplýsingar um að fá CN-gildi í vottorði netþjóns er að finna í hjálparupplýsingum fyrir vafrann þinn.
- Fyrir FTP, skráðu FTP vistfangið. Til dæmis, **myServer/myDirectory**. Skráðu FTP-tengið. Tenging 21 er sjálfvalið tengi til að senda skipanir.
- Fyrir SMB, skráðu vistfang fyrir möppu netkerfis. Til dæmis, **myServer/myShare/myFile.pdf**. Skráðu heiti á léni netkerfis.
- Ef þörf krefur, veldu gerð sannvottunar fyrir FTP og SMB.

Skráðu PIN-númer til að takmarka aðgengi að bókmerkinu.

Athugasemd: Forritið styður eftirfarandi gerðir skráa: Vefsíður byggðar á PDF, JPEG, TIFF og HTML. Aðrara gerðir á skráum, svo sem DOCX og XLXS eru studdar í sumum gerðum prentara.

4 Smelltu á Vista.

Athugasemd: Til að stjórna bókmerkjum, smelltu á **Uppsetning bókmerkja**.

Búa til möppur

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Uppsetning bókmerkja** > **Bæta við möppu**, og skráðu síðan einstakt heiti fyrir möppuna.

Athugasemd: Skráðu PIN-númer til að takmarka aðgengi að möppunni.

3 Smelltu á Vista.

Athugasemdir:

- Þú getur búið til möppur og bókmerki í möppu. Til að búa til bókmerki, sjá [“Búa til bókmerki” á síðu 20](#).
- Til að stjórna möppum, smelltu á **Uppsetning bókmerkja**.

Stjórna tengiliðum

bæta við tengiliðum

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.

- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Heimilisfangabók**.

3 Í hluta yfir tengiliði, bættu við tengilið.

Athugasemd: Þú getur sett tengiliðinn einn eða fleiri hópa.

4 Skilgreindu innskráningaraðferð ef þörf krefur til að leyfa aðgengi að forritum.

5 Beittu breytingunum.

Bæta við hópum

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Heimilisfangabók**.

3 Í hluta yfir tengiliðahópa, bættu við heiti á hóp.

Athugasemd: Þú getur sett einn eða fleiri tengiliði í hópinn.

4 Beittu breytingunum.

Breyta tengiliðum eða hópum

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Heimilisfangabók**.

3 Gerðu annað hvort af eftirfarandi:

- Í hluta yfir tengiliði, smelltu á nafn tengiliðar og breyttu upplýsingunum.
- Í vali á hópum tengiliða, veldu heiti hóps og breyttu upplýsingunum.

4 Beittu breytingunum.

Eyða tengiliðum eða hópum

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á Heimilisfangabók.**3 Gerðu annað hvort af eftirfarandi:**

- Í hluta yfir tengiliði, veldu tengilið sem þú vilt eyða.
- Í vali á hópum tengiliða, veldu heiti hóps sem þú vilt eyða.

Setja upp og nota eiginleika aðgengis

Athugasemdir:

- Þessir eiginleikar eru aðeins studdir í sumum gerðum prentara.
- Varðandi frekari upplýsingar um eiginleika aðgengis á þinni gerð prentara, sjá handbók varðandi aðgengi á <http://support.lexmark.com>.

Virkja raddstýringu

Frá stjórnborðinu

- 1 Ýttu á og haltu **5** hnappinum þar til að talboð heyrast.
- 2 Veldu **OK**.

Frá hnappaborðinu

- 1 Ýttu á og haltu **5** hnappinum þar til að talboð heyrast.
- 2 Ýttu á **Tab** til að færa bendilinn á OK-hnappinn og ýttu síðan á **Enter**.

Athugasemdir:

- Raddstýring er einnig virk þegar þú setur höfuðtöl í tengi fyrir höfuðtöl.
- Til að stilla hljóðstyrk, notaðu hnappa fyrir hljóðstyrk á neðri hluta stjórnborðsins.

Fara um skjáinn með því að nota bendingar

Athugasemdir:

- Bendingar eiga aðeins við þegar raddstýring er virk.
- Virkja stækkun til að nota bendingar aðdráttar og skimunar.
- Notaðu áþreifanlegt lykklaborð til að skrá staftákn og stilla ákveðnar stillingar.

Bending	Virkni
Pikka tvisvar	Velja valkost eða hlut á skjánum.
Pikka þrisvar	Aðdráttur inn eða út í texta eða myndum.
Renna til hægri eða renna niður	Fara í næsta hlut á skjánum.
Renna til vinstri eða renna upp	Fara í fyrri hlut á skjánum.
Skima	Fara í hluta af mynd með aðdrætti sem eru fyrir utan mörk skjásins. Athugasemd: Þessi bending þarfnast notkunar á tveimur fingrum til að færa þvert á mynd með aðdrætti.
Renna upp og síðan til vinstri	Hætta í forriti og fara til baka í heimaskjá

Bending	Virkni
Renna niður og síðan til vinstri	<ul style="list-style-type: none"> • Hætta við verk. • Fara til baka í fyrri stillingu. • Hætta í skjámynd sem er til staðar án þess að breyta neinni stillingu eða gildi.
Renna upp og síðan niður	Endurtaka talaða kvaðningu.

Virkja stillingu stækkunar

- 1 Frá stjórnborði, ýttu á og haltu **5** hnappinum þar til að talboð heyrast.
- 2 Veldu **Stækkunarstilling**.
- 3 Veldu **OK**.

Varðandi frekari upplýsingar varðandi færslu á stækkuðum skjá, sjá [“Fara um skjáinn með því að nota bendingar” á síðu 24](#).

Stilla hraða á raddstýringu

- 1 Frá heimaskjánum, veldu **Stillingar > Tæki > Aðgengileiki > Hraði raddstýringar**.
- 2 Veldu hraða tals.

Nota hnappaborðið á skjánum

Gerðu eitt eða fleira af eftirfarandi:

- Dragðu fingur yfir hnappinn til að velja staftáknið.
- Lyftu fingri til að skrá eða skrifa staftáknið í svæðið.
- Veldu **Hnapp til baka** til að eyða staftáknum.
- Til að heyra innihald í inntakssvæði, veldu **Tab**, og veldu síðan **Shift + Tab**.

Virkja töluð aðgangsorð eða persónuauðkennanleg númer (PIN)

- 1 Frá heimaskjánum, veldu **Stillingar > Tæki > Aðgengileiki > Tala aðgangsorð/persónuauðkennanleg númer (PIN)**.
- 2 Virkja stillinguna.

Setja í pappír og sérstaka miðla

Stilling á stærð og gerð pappírs

1 Frá stjórnborðinu, farðu á:

Stillingar > Pappír > Uppsetning skúffu > Pappírsstærð/gerð > veldu uppruna pappírs

Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

2 Stilltu stærð og gerð af pappír.

Stilla alhliða pappírsstillingar

1 Frá stjórnborðinu, farðu á:

Stillingar > Pappír > Uppsetning á miðli > Alhliða uppsetning

Á prenturum sem eru ekki með snertiskjá, ýttu á **OK** til að fletta um stillingarnar.

2 Settu upp stillingarnar.

Hleðsla á skúffum



VARÚÐ—HÆTTA Á AÐ VELTA: Hlaðið í hverja skúffu fyrir sig inn til að koma í veg fyrir óstöðugleika tækisins. Haldið öllum öðrum skúffum lokuðum þar til þörf er á.


1 Fjarlægðu skúffuna.

Athugasemd: Ekki fjarlægja skúffur til að komast hjá pappírslækjum.




2 Stilltu stýringarnar til að samvara stærð á pappír sem verið er að hlaða.

Athugasemd: Notið vísun á stærð pappírs í botni skúffu til að staðsetja stýringarnar.



3 Sveigðu, blaðaðu og jafnaðu pappírbrúnir áður en pappírnum er hlaðið.




4 Hlaðið pappírsstaflanum með prenthlið snúandi upp og gangið úr skugga um að hliðarstýringarnar falli þétt að pappírnum.



Athugasemdir:

- Hlaðið pappír með bréfhaus snúandi upp og í átt að efri brún á framenda skúffunnar fyrir prentun á eina hlið.
- Hlaðið pappír með bréfhaus snúandi niður og í átt að aftari hluta skúffunnar fyrir prentun á báðar hliðar.
- Ekki renna pappírnum í skúffuna.
- Vertu viss um að hæð á stafla sé fyrir neðan vísun á hámarksfyllingu til að komast hjá flækjum.




5 Settu skúffuna inn.

Stilltu pappírsstærð og gerð í valmynd fyrir pappír á stjórnborðinu til að samsvara pappír sem er hlaðið.

Hlaða í fjölnotamatarara


1 Opnaðu fjölnotamatarann.

Athugasemd: Fjölnotamatarari er aðeins tiltækur í sumum gerðum prentara.



2 Stilltu stýringuna til að samvara stærð á pappír sem verið er að hlaða.



3 Sveigðu, blaðaðu og jafnaðu pappírsbrúnir áður en pappírnum er hlaðið.**4** Hlaðið pappír með hlið sem á að prenta á snúandi niður.


- Hlaðið bréfhaus með prenthliðinni snúandi niður og efri brún á undan inn í prentarann fyrir prentun á eina hlið.



- Hlaðið bréfhaus með prenthliðinni snúandi upp og efri brún síðast inn í prentarann fyrir prentun á tvær hliðar.



- Hlaðið umslögum með hlið með flipa upp og að hægri hlið á pappírsstýringu.




Viðvörðun—hugsanleg hættu: Notið ekki umslög með frimerkjum, klemmum, smellu, glugga, fóðrun að innan eða sjálfímandi.

5 Stilltu pappírsstærð og gerð í valmynd fyrir pappír á stjórnborðinu til að samsvara pappír sem er í skúffunni.

Hlaða í handvirkan matara

1 Stilltu stýringuna til að samvara stærð á pappír sem verið er að hlaða.



2 Hlaðið pappírsörk með hlið sem á að prenta á snúandi niður.


- Hlaðið bréfhaus með prenthliðinni snúandi niður og efri brún á undan inn í prentarann fyrir prentun á eina hlið.



- Hlaðið bréfhaus með prenthliðinni snúandi upp og efri brún síðast inn í prentarann fyrir prentun á tvær hliðar.



- Hlaðið umslagi með hlið með flipa upp og að hægri hlið á pappírsstýringu.



3 Setjið pappírinn inn þar til að leiðandi brún dregst inn.

Viðvörðun—hugsanleg hættu: Ekki ýta pappírnum inn með afli til að komast hjá pappírsflækju.

Tengja skúffur

1 Opnaðu vafra og skráðu IP-tölu prentarans í svæði vistfangs.

Athugasemdir:

- Skoða IP-tölu prentara á heimaskjá prentarans. IP-talan birtist sem fjögur sett af tölum sem eru aðskildar af punktum, svo sem 123.123.123.123.
- Ef verið er að nota staðgengilsþjón (proxy), gerðu hann óvirkan tímabundið til að opna vefsíðuna rétt.

2 Smelltu á **Stillingar > Pappír > Uppsetning skúffu**.

3 Stilla sömu pappírsstærð og pappírsgerð fyrir skúffur sem þú ert að tengja.

4 Vistaðu stillingarnar.

5 Smelltu á **Stillingar > Tæki > Viðhald > Uppsetningarvalmynd > Uppsetning skúffu**.

6 Stilltu tengingu á skúffum á **Sjálfvirkt**.

7 Vistaðu stillingarnar.

Til að aftengja bakka skaltu ganga úr skugga um að engar skúffur séu með sömu stillingum á pappírsstærð eða gerð.

Viðvörðun—hugsanleg hættu: Hitastig á hitagjafa er breytilegt og fer eftir skilgreindri pappírsgerð. Samstilltu stillingar á pappírsgerð í prentaranum við pappírinn sem hlaðið er í skúffuna til að komast hjá vandamálum í prentun.

Pappírsstuðningur

Studdar pappírsstærðir

Athugasemd: Prentarinn þinn kann að vera með 650-blaða tvöfalda skúffu, sem samanstendur af 550-blaða skúffu og innfelldum 100-blaða fjölnotamatar. 550-blaða skúffan í 650-blaða tvöföldu skúffunni styður sömu pappírsstærðir og 550-blaða skúffa. Innfelldi fjölnotamatarinn styður mismunandi pappírsstærðir, gerðir og þyngdir.

Pappírstærð og ummál	Staðal-skúffa fyrir 250 blöð	Handvirkur matari	650-blaða tvöföld skúffa sem er aukabúnaður		Skúffa fyrir 550 blöð sem er aukabúnaður	Prentun á tvær hliðar
			550-blaða skúffa	Fjölnotamatri		
A4 210 x 297 mm (8,27 x 11,7 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✓
A5^{1,2} 148 x 210 mm (5,83 x 8,27 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✗
A6 105 x 148 mm (4,13 x 5,83 to.)	✓	✓	✗	✓	✗	✗
JIS B5 182 x 257 mm (7,17 x 10,1 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✗
Bréf (Letter) 215,9 x 279,4 mm (8,5 x 11 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Lögfræði (Legal) 215,9 x 355,6 mm (8,5 x 14 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Stjórnunarleg (Evecutive) 184,2 x 266,7 mm (7,25 x 10,5 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✗
Oficio (Mexico) 215,9 x 340,4 mm (8,5 x 13,4 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✓

¹ Hlaðið þessari pappírsstærð í skúffu 1 og handvirka matarann með brún á langhlið fyrst inn í prentarann.

² Hlaðið þessari pappírsstærð í skúffu 2, skúffu 3 og fjölnotamatarann með brún á skammhlið fyrst inn í prentarann.

³ Þegar alhliða stærð er valin er síðan sniðin fyrir 215,9 x 355,6 mm (8,5 x 14 to.) nema að stærðin sé skilgreind af hugbúnaði.

⁴ Hlaðið mjórri pappír með brún á skammhlið á undan í prentarann.

⁵ Þegar önnur umslög eru valin er síðan sniðin fyrir í 215,9 x 355,6 mm (8,5 x 14 to.) nema að stærðin sé skilgreind af hugbúnaði.

Pappírstærð og ummál	Staðal-skúffa fyrir 250 blöð	Handvirkur matari	650-blaða tvöföld skúffa sem er aukabúnaður		Skúffa fyrir 550 blöð sem er aukabúnaður	Prentun á tvær hliðar
			550-blaða skúffa	Fjölnota-matari		
Fólíó 215,9 x 330,2 mm (8,5 x 13 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Yfirlýsing 139,7 x 215,9 mm (5,5 x 8,5 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
Hagaki 100 x 148 mm (3,94 x 5,83 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
Alhliða (Universal)^{3,4} 98,4 x 148 mm til 215,9 x 355,6 mm (3,87 x 5,83 to. til 8,5 x 14 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
Alhliða (Universal)^{3,4} 76,2 x 127 mm til 215,9 x 355,6 mm (3 x 5 to. til 8,5 x 14 to.)	X	✓	X	✓	X	X
Alhliða (Universal)^{3,4} 148 x 210 mm til 215,9 x 355,6 mm (5,83 x 8,27 to. til 8,5 x 14 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	X
Alhliða (Universal)^{3,4} 210 x 250 mm til 215,9 x 355,6 mm (8,27 x 9,84 to. til 8,5 x 14 to.)	✓	✓	✓	✓	✓	✓
7 3/4 umslag 98,4 x 190,5 mm (3,875 x 7,5 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
9 umslag 98,4 x 225,4 mm (3,875 x 8,9 to.)	✓	✓	X	✓	X	X

¹ Hlaðið þessari pappírstærð í skúffu 1 og handvirka matarann með brún á langhlið fyrst inn í prentarann.

² Hlaðið þessari pappírstærð í skúffu 2, skúffu 3 og fjölnotamatarann með brún á skammhlið fyrst inn í prentarann.

³ Þegar alhliða stærð er valin er síðan sniðin fyrir 215,9 x 355,6 mm (8,5 x 14 to.) nema að stærðin sé skilgreind af hugbúnaði.

⁴ Hlaðið mjórri pappír með brún á skammhlið á undan í prentarann.

⁵ Þegar önnur umslög eru valin er síðan sniðin fyrir í 215,9 x 355,6 mm (8,5 x 14 to.) nema að stærðin sé skilgreind af hugbúnaði.

Pappírstærð og ummál	Staðal-skúffa fyrir 250 blöð	Handvirkur matari	650-blaða tvöföld skúffa sem er aukabúnaður		Skúffa fyrir 550 blöð sem er aukabúnaður	Prentun á tvær hliðar
			550-blaða skúffa	Fjölnota-matari		
10 umslag 104,8 x 241,3 mm (4,12 x 9,5 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
DL umslag 110 x 220 mm (4,33 x 8,66 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
C5 umslag 162 x 229 mm (6,38 x 9,01 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
B5 umslag 176 x 250 mm (6,93 x 9,84 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
Monarch 98,425 x 190,5 mm (3,875 x 7,5 to.)	✓	✓	X	✓	X	X
Önnur umslög⁵ 98,4 x 162 mm til 176 x 250 mm (3,87 x 6,38 to. til 6,93 x 9,84 to.)	✓	✓	X	✓	X	X

¹ Hlaðið þessari pappírsstærð í skúffu 1 og handvirka matarann með brún á langhlið fyrst inn í prentarann.

² Hlaðið þessari pappírsstærð í skúffu 2, skúffu 3 og fjölnotamatarann með brún á skammhlið fyrst inn í prentarann.

³ Þegar alhliða stærð er valin er síðan sniðin fyrir 215,9 x 355,6 mm (8,5 x 14 to.) nema að stærðin sé skilgreind af hugbúnaði.

⁴ Hlaðið mjórri pappír með brún á skammhlið á undan í prentarann.

⁵ Þegar önnur umslög eru valin er síðan sniðin fyrir í 215,9 x 355,6 mm (8,5 x 14 to.) nema að stærðin sé skilgreind af hugbúnaði.

Studdar pappírsgerðir

Athugasemdir:

- Prentarinn þinn kann að vera með 650-blaða tvöfalda skúffu, sem samanstendur af 550-blaða skúffu og innfelldum 100-blaða fjölnotamatarara. 550-blaða skúffan í 650-blaða tvöföldu skúffunni styður sömu pappírsgerðir og 550-blaða skúffan. Innfelldi fjölnotamatarinn styður mismunandi pappírsstærðir, gerðir og þyngdir.
- Miðar, umslög og þykkari gerð pappírs prentast ávallt á 25 síður á mínútu.

Pappírsgerð	Staðalskúffa fyrir 250 blöð	Handvirkur matari	650-blaða tvöföld skúffa sem er aukabúnaður		Skúffa fyrir 550 blöð sem er aukabúnaður	Prentun á tvær hliðar
			550-blaða skúffa	Fjölnota-matari		
Venjulegur pappír	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Þykkur pappír	✓	✓	✓	✓	✓	✗
Umslög	✓	✓	✗	✓	✗	✗
pappírsmiðar	✓	✓	✓	✓	✓	✓
Vínýlmiðar	✓	✓	✓	✓	✓	✗

Studdar pappírspyngdir

Athugasemdir:

